

Mannauðsstefnan okkar



Allir heilir heim

SAMSKIPTI OG SAMVINNA Á VINNUSTAÐNUM

VINNUSTAÐURINN OKKAR

Við erum metnaðarfullur og samheldinn hópur sem leggur áherslu á starfsgleði og skilvirkni við að ná markmiði okkar um að allir komi heilir heim frá vinnu.

Við leitumst alltaf við að vera fyrirmyndarvinnustaður á sviði vinnuverndar og viljum að fagþekking starfsfólks sé eftirsótt til ráðgjafar og starfa í íslensku atvinnulífi.

Við störfum saman í fagteymum með virkri þátttöku allra og höfum skilvirka og vandaða stjórnsýslu að leiðarljósi. Við höfum þjónustumarkmið að leiðarljósi í störfum okkar. Þannig verður vinnan okkar árangursrík og veitir okkur starfsánægju. Við bjóðum fjölskylduvænt starfsumhverfi, samkeppnishæf starfskjör miðað við aðrar ríkisstofnanir og sköpum tækifæri til að þróast og þroskast í starfi.

Við störfum saman af gleði, jákvæðni, heilindum og virðingu og höfum samskiptagildi okkar að leiðarljósi.

Við störfum í teymum og leggjum okkur ávallt fram í samstarfinu.

Við gætum að því að raddir allra fái að heyrast og hlustum með opnum huga á skoðanir samstarfsfólks, nýjar hugmyndir og fagleg sjónarmið.

Við gætum að því að setja skoðanir okkar og ábendingar fram með virðingu og á gagnlegan og ábyrgan hátt þannig að þær stuðli að jákvæðri þróun vinnustaðarins.

Við hrósum fyrir það sem vel er gert og þökkum fyrir þá aðstoð sem við fáum.

“ Við þökkum fyrir ábendingar og viðurkennum mistök og rýnum þau með uppbyggilegum hætti svo læra megi af þeim. Við leitum eftir aðstoð ef með þarf.

Við viljum vera skilvirk og snörp um leið og við tryggjum fagleg gæði. Við gerum því kröfur til okkar og annarra svo sem með því að virða tímafresti verkefna, bregðast við þegar leitað er eftir álitum eða upplýsingum hjá okkur og höldum skilvirka fundi þar sem dagskrá og tímaáætlun standast.

Vinnustaðurinn er aðlaðandi og við tökum öll vel á móti nýju starfsfólki.

Við tökum ábyrgð og stuðlum að jákvæðri vinnustaðamenningu. Það gerum við til dæmis með því að taka ekki þátt í ósanngjarnri eða óskilvirkri orðræðu, gefum skýr skilaboð um að við kunnum ekki að meta slíkt og erum einhuga í því að gera betur í dag en í gær.

Við látum vita ef okkur líður ekki vel með samskiptin á vinnustaðnum. Við hvorki leggjum samstarfsfólk í einelti, né beitum það kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi. Við erum með stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi sem við störfum eftir.

Gleði,
jákvæðni,
heilindi og
virðing



UPPLÝSINGAMIÐLUN

Við erum vel upplýst og notum margvíslegar leiðir til að miðla upplýsingum um starfsemina milli starfsfólks, bæði með upplýsingatækni og fundum.

Við berum okkur eftir upplýsingum og fylgjumst vel með rafrænni upplýsingamiðlun hjá stofnuninni og veitum endurgjöf.

Við segjum frá því sem vel er gert og hvetjum með því samstarfsfélaga okkar til góðra verka sem styður við jákvæða ímynd vinnustaðarins.

Upplýst er tímanlega um ákvarðanir sem kalla á breytt verklag eða þjónustu og stjórnendur fylgja upplýsingum eftir til allra þeirra sem málið varðar.

Við könnum reglulega hvort upplýsingaflæði sé skilvirkt og hvað megi gera til að efla það og bæta og nýtum þær upplýsingar til stöðugra umbóta.

Við vinnum markvisst eftir gildandi innri og ytri upplýsingastefnu Vinnueftirlitsins.

**Við erum mannleg “
og hvetjandi í allri
upplýsingagjöf um
leið og við erum skýr
og fræðandi.**

SKIPULAG OG ÁRANGURSMENNING

Hlutverk okkar eru skýr, við vinnum saman í teyllum og deilum verkefnaábyrgð.

Við setjum okkur skýr og raunhæf markmið, mælum stöðugt árangur okkar, metum hann og setjum okkur ný markmið.

Við fylgjum verklagi til að tryggja gæði og faglega, árangursrika og öfluga stjórnýslu og virðum starfs- og valdsvið samstarfsfólks. Við höfum á sama tíma öll sterka rödd inn í samtalið í okkar teyllum um þróun ferla og verklags.

Við erum tilbúin til að leggja okkur fram um að ná árangri, sýnum frumkvæði og tökum ábyrgð á okkar störfum.

Verkefnastjórnun hjá okkur er markviss og verkefnalistar teyma eru skýrir og aðgengilegir. Stöðu verkefna er miðlað markvisst til stjórnenda.

**Við gerum ekki
bara hlutina rétt,
við gætum líka að
því að gera alltaf
réttu hlutina**

Við eigum opinská, gagnleg og uppbyggileg samskipti um verkefni og árangur og rýnum til gagns, með það að markmiði að þróast stöðugt og efla störf okkar.

Við hugum að þeim ávinningi sem verður af störfum okkar fyrir samfélagið og hvort við höfum markvisst unnið eftir markmiðum og áherslum Vinnueftirlitsins.

**Við erum öll með “
forvarnarhugsun í forgrunni**



STARFSÞRÓUN OG FRÆÐSLA

Við viljum að þegar starfsfólk skiptir um starf sé það eftirsóknarverðara um önnur störf en áður en það hóf störf hjá Vinnueftirlitinu.

Við sýnum frumkvæði að því að viðhalda og þróa þekkingu okkar og sækja fræðslu í samræmi við starfsþróunarstefnu okkar.

Þekkingarmiðlun er einkennandi sem felst meðal annars í því að starfsfólk sýnir frumkvæði við miðlun þekkingar.

Við tökum skipulega og vel á móti nýliðum og veitum hjálfun í vinnustaðabundinni færni sem þarf til að ná árangri í starfi hjá okkur.

Við erum meðvituð og jákvæð fyrir því að störf eru í sífelldri þróun og erum tilbúin að leita þekkingar og hjálfunar til að takast á við sibreytileg verkefni.

“ Við undirbúum starfslok vel og tryggjum að þekking glatist ekki

Það sem “
einkennir starfsfólk
Vinnueftirlitsins
er framúrskarandi
fagþekking og
fagmennska

STJÓRNUN

Stjórnendur miðla skýrt til okkar stefnu stofnunarinnar og ákvörðunum.

Stjórnunin tekur mið af þörfum stofnunarinnar.

Stjórnendur leggja áherslu á árangursmiðaða stjórnun og fylgja því eftir með skilgreindum markmiðum og mælikvörðum.

Stjórnendur veita stuðning í verkefnavinnu teyma, veita hvatningu og leiðbeiningar eftir þörfum.

“ Stjórnendur styðja við góðan starfsanda og góð samskipti á vinnustaðnum og í teyfum

Starfsfólk getur treyst á að stjórnendur veiti þeim heiðarlega endurgjöf

Við eigum reglubundin samtöl við stjórnendur og innan teyma um það sem vel gengur, markmiðssetningu og hvað þurfi að efla og bæta.

Stjórnendur taka á erfiðum málum um leið og tilefni er til og fylgja þeim eftir.

Ráðningarferli er faglegt þar sem nýtt starfsfólk er valið eftir fyrirfram skilgreindum hæfnisþáttum.



VINNUMHVERFI, VINNUVERND OG SVEIGJANLEIKI

Við leitumst alltaf við að vera fyrirmyndarvinnustaður á sviði vinnuverndar og leggjum áherslu á líkamlegt og andlegt heilbrigði í okkar vinnu í samræmi við stefnu okkar um heilsueflingu og vinnuvernd.

Við höfum góða vinnuadstöðu sem styður við okkar störf.

Starfsfólki býðst að vinna hluta starfa sinna utan vinnustaðar samkvæmt ákvæðum í viðveru- og fjarvinnustefnunni okkar.

Við leggjum áherslu á jafnvægi á milli starfs og einkalífs og erum fjölskylduvænn vinnustaður.

**Við erum
heilsueflandi
vinnustaður**

**Við höfum sveigjanlegan “
vinnutíma og viðveru í
samræmi við viðveru- og
fjarvinnustefnuna okkar**

SAMFÉLAG, UMHVERFI OG JAFNRÉTTI

Við leggjum áherslu á sjálfbærni og höfum viðeigandi heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi við ákvarðanatöku. Við störfum af ábyrgð í verkefninu „Græn skref“ og leggjum áherslu á heildræna nálgun.

Við erum ólík og stuðlum að fjölbreytni og eigum samskipti án fordóma. Við vinnum gegn staðalmyndum og duldu fordómum.

Við erum með framsækna jafnréttisstefnu sem við störfum markvisst eftir.

Við störfum af heilindum og trausti og ræktum samfélagslega ábyrgð í störfum okkar.

Hjá okkur greinist ekki kynbundinn launamunur

**“ Við erum ávallt meðvituð um
siðareglurnar okkar**

**Við erum hagnýt og “
förum vel með tíma
okkar og fjármagn sem
okkur er treyst fyrir**





 **Vinnueftirlitið**

Allir heilir heim

Mannauðsstefnan okkar 2021

Ábyrgðarmaður: Hildur Ösp Gylfadóttir
Hönnun: Gígja Rut Ívarsdóttir - Kompanhonnun.is